



Gardyrkjuskóli ríkisins  
Icelandic Horticultural College


Alþingi  
Erindi nr. P 130/2168  
komudagur 27.4.2004

#### Ályktun skólanefndar Gardyrkjuskólans:

Skólanefnd Gardyrkjuskólans fagnar þeim skrefum sem er verið að stíga til sameiningar mennta- og rannsóknastofnana landbúnaðarins. Skólanefndin telur hins vegar að starfsemi Gardyrkjuskólans eigi margt sameiginlegt með starfsemi Rannsóknastofnun landbúnaðarins (RALA) og að mörgu leyti Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri (LBH). Því telur nefndin einsýnt að sameina eigi nú þegar RALA, LBH og Gardyrkjuskólann undir hatti Landbúnaðarháskóla Íslands sem yrði deildaskiptur. Nefndin bendir einnig á að Gardyrkjuskólinn hefur nú þegar leiðbeiningaþjónustu í garðyrkju í náinni samvinnu við fræðslu og rannsóknir á Reykjum. Því telur nefndin að hugsa þurfi málið í víðu samhengi til að fræðsla, rannsóknir, leiðbeiningar gagnist landbúnaðinum sem best.

Samþykkt samhljóða á fundi skólanefndar 26. apríl 2004,

f.h. skólanefndar

  
Bjarni Finnsson  
formaður